

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1075

Dagsetning: 1. júlí 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir verkefnastjóri á skrifstofu HH sat fundinn undir liðum 3 og 4.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 24. júní 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Græn skref

Rætt var um stöðuna á innleiðingu á grænum skrefum hjá HH og næstu skref í þeirri vegferð. Ákveðið var að halda áfram vinnunni með nýjum starfshópi og var rætt um hvaða starfsmenn gætu haft áhuga á að sitja í þeim hópi.

3. Öryggismál og öryggisnefnd HH

Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu HH, kom á fundinn til að ræða stöðuna á öryggisstefnu HH og skipan öryggisnefndar. Búið er að kjósa öryggistrúnaðarmenn og þarf að skipa jafn marga öryggisverði í öryggisnefndina. Rætt var um hvaða starfsmenn gætu tekið það að sér. Einnig var rætt um atvikaskráningakerfi. Kerfið sem ákveðið var að nota til bráðabirgða meðan beðið væri eftir kerfi frá embætti landlæknis hentar afar illa og nauðsynlegt að taka upp hentugra kerfi sem fyrst. Ákveðið var að kanna stöðuna hjá embætti landlæknis og möguleika á að vinna með Landspítalanum í því að innleiða nýtt kerfi, ef það stefnir í áframhaldandi bið eftir því að það kerfi sem embætti landlæknis er að vinna að verði tilbúið til notkunar hjá HH.

4. Undirbúningur vinnu fyrir nýjar höfuðstöðvar HH

Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu HH, kom á fundinn. Rætt var um framtíðarsýn fyrir skrifstofu og aðra miðlæga starfsemi HH þegar leigusamningar í Álfabakka og Þönglabakka renna út á næsta ári. Ákveðið var að ræða við Reiti um að framlengja leigusamninga til þriggja ára. Á þeim tíma er markmiðið að finna húsnæði sem getur rúmað skrifstofu og allar starfseiningar sem ekki þurfa að vera staðsettar í ákveðnum hverfum eða bæjarfélögum.

5. Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Rætt var um stöðu Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH). Forstöðumaður hefur upplýst að hann ætli að taka út leyfi og láta af störfum að leyfi loknu. Einnig var rætt um vinnu í heilbrigðisráðuneytinu við að ut anumhald með sérnámi heimilislækna frá ÞÍH. Ákveðið var að halda áfram samtali við heilbrigðisráðuneytið um framtíðarsýn fyrir miðstöðina.

6. Stöðugar umbætur og þjálfun starfsfólks

Umræður um gæða- og umbótastarf innan stofnunarinnar og hvernig hægt er að koma því inn í þjálfun starfsfólks.

7. Sérfræðingur í einhverfu

Upplýst var um að tímabundin ráðning sérfræðings í einhverfu til eins árs rennur út bráðlega. Ákveðið var að framlengja ráðninguna en móta betur verklag sérfræðingsins og starfslýsingu.

8. Kæfisvefnsrannsóknir

Rætt var um kæfisvefnsrannsóknir á fjórum heilsugæslustöðvum HH. Tækjabúnaður sem keyptur var fyrir stöðvarnar hefur almennt ekki verið nýttur jafn vel og vonir stóðu til. Hugmyndir eru uppi um að mælingarnar færist alfarið yfir til Landspítalans. Mögulega mætti nota tæki HH til að kanna kæfisvefn hjá börnum í ADHD-greiningarferli.

9. Næringarráðgjöf HH

Umræður um stöðu næringarráðgjafa hjá Heilsubró HH og tillögu um að fjölga þeim úr 1,9 stöðugildum í 2,4. Skoða þarf þörfina og hvernig starfsstöðvar nýta aðgengi að þessari þjónustu áður en tekin verður ákvörðun um framhaldið.

10. Vinnuskil í vinnustund

Ákveðið var að gera tíma í vinnuskilum sýnilegan og jafnframt kynna á ný fyrir stjórnendum þær reglur um sveigjanlegan vinnutíma og yfirvinnugreiðslur sem eru í gildi, til að tryggja sameiginlegan skilning og samræmda framkvæmd.

Aðgerðir og verkefni

- Finna þarf fólk í starfshóp um grænu skrefin, sjá lið 2.
Ábyrgð: SDM og ASV
- Skipa þarf öryggisverði í öryggisnefnd, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM og SKP
- Ræða þarf við embætti landlæknis og Landspítala um atvikaskráningakerfi, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM
- Undirbúa þarf flutninga í nýjar höfuðstöðvar og semja um framlengingu á samningum í Álfabakka og Þönglabakka, sjá lið 4.
Ábyrgð: HP
- Hafa þarf samráð við heilbrigðisráðuneytið um framtíðarsýn fyrir ÞÍH, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM

- Vinna þarf áfram með gæða- og umbótastarf í þjálfun starfsfólks, sjá lið 6.
Ábyrgð: ASV
- Móta þarf betur starf sérfræðings í einhverfu og framlengja ráðningu, sjá lið 7.
Ábyrgð: ÍDH og SKÞ
- Skoða þarf framtíð rannsókna á kæfisvefni hjá HH, sjá lið 8.
Ábyrgð: NSK
- Skoða þarf nánar hvort hægt er að auka við fjölda næringarfræðinga hjá Heilsubrú, sjá lið 9.
Ábyrgð: SDM
- Ítreka þarf reglur um sveigjanlegan vinnutíma og yfirvinnugreiðslur fyrir stjórnendum, sjá lið 10.
Ábyrgð: SKÞ

Fundi frestað klukkan 11:15. Fundi fram haldið 2. júlí 2025 klukkan 10:30. Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:45.